

87

8. sept.

FORSETAÚRSKURÐUR

um niðurfellingu á breytingu, er gerð var 14. apríl 1954 á forsetaúrskurði frá 11. sept. 1953, um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra er hér með úr gildi felld breyting sú, er gerð var 14. apríl s. l. á forsetaúrskurði frá 11. september 1953, um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl., þar sem Skúla Guðmundssyni, ráðherra, var í föllum Eysteins Jónssonar, ráðherra, falið að fara með þau mál, sem Eysteini Jónssyni voru þar falin. Fer Eysteinn Jónsson, ráðherra, því aftur með þau mál, sem honum voru falin með forsetaúrskurði frá 11. september 1953.

Gjört í Reykjavík, 8. september 1954.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.

88

21. sept.

FORSETA BRÉF

um að reglulegt Alþingi 1954 skuli koma saman til fundar laugardaginn 9. október 1954.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Ég hef ákveðið samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að reglulegt Alþingi 1954 skuli koma saman til fundar laugardaginn 9. október n. k.

Um leið og ég birti þetta, er öllum, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur og verður þá Alþingi sett að lokinni guðspjónustu í dómkirkjunni, er hefst klukkan 13.30.

Gjört í Reykjavík, 21. september 1954.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.